

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1875
komudagur 6.3.2013



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2013

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005 þingskjal 1031-606 mál.

Samiðn mælir með að frumvarpið verði samþykkt og telur mjög brýnt að það ekki verði frekari dráttur á að lög nr. 139/2005 verði aðlöguð að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/104/EB um starfsmannaleigur.

Í 3 gr. frumvarpsins er lagt til að komi ný grein 5a sem fjallar um starfskjör starfsmanna á vegum starfsmannaleigu.

Í greininni kemur fram að starfsmaður starfsmannaleigu skal á þeim tíma sem hann sinnir störfum fyrir notendafyrirtæki að lágmarki njóta sömu launa og annarra starfskjara og hann hefði verið ráðinn beint til notendafyrirtækisins til að gegna sama starfi saman sbr. 1 gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Nú er það alþekkt á íslenskum vinnumarkaði að mikill munur er á umsömdum launatöxtum og starfskjörum sem um semst milli starfsmanna og einstakra fyrirtækja svo kölluð markaðslaun. Samiðn telur að orðalag 3. greinar þyrfti að vera skýrar og taka af allan vafa um að starfsmaður starfsmannaleigu skal í öllum tilfellum njóta sömu starfskjara og hann hefði verið ráðinn beint. Fyrsta grein laga nr. 55/1980 tryggir fyrst og fremst þau laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni. Aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um almennar launahækkningar og lágmarkslaun sem í flestum tilfellum eru mun lægri en starfslaun í einstökum fyrirtækjum.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri